

**Nd.**

**HS. Framvarp**

til laga um heimild fyrir landstjórnina, til þess að ábyrgjast fyrir hönd landsjóðs skipaveðlán h/f »Eimskipafjelag Íslands«.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson, Björn Kristjánsson, Bjarni Jónsson frá Vogu, Þorleifur Jónsson og Sigurður Gunnarsson.

Landstjórninni veitist heimild til þess, að ábyrgjast greiðslu á  $\frac{1}{4}$  hluta veðláns, að upphæð 600,000 krónur, sem h/f Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum banka, til þess að kosta smíði á tveim millilandaskipum, sem fjelagið hefir nú samið um smíði á. Lánið endurborgist á 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum og sje trygt með 1. veðrjetti í umræddum tveim millilandaskipum.